

Námssvið leikskóla

Sköpun og menning

Aðalnámskrá leikskóla

- Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti.
- Börn eiga að fá tækifæri til að kanna og vinna með margvíslegan efnivið og nýta fjölbreytta tækni.
- Börn eiga að kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, læra texta og taka þátt í söng.
- Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína, njóta fjölbreyttrar menningar og lista, taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans og kynnast listafólki á hinum ýmsu sviðum.

Í Skýjaborg:

- Eflum við frumkvæði barnsins í sköpun og leggjum áherslu á ferlið
- Fær barn útrás fyrir sköpunar- og rannsóknarþörf sína úti og inni
- Eflum við samhæfingu handa og augna sem og fín- og grófhreyfingar
- Eflum við sjálfstraust og einbeitingu barnsins
- Fær barnið tækifæri til að endurupplifa og túlka reynsluheim á eigin forsendum
- Þroskum næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda
- Kynnist barnið vinnu með ólíkan efnivið
- Kynnist barnið nánasta umhverfi sínu
- Fær barnið tækifæri til að taka þátt í ýmsum hátíðum og hefðum sem tengjast íslensku þjóðlífi
- Kynnist barnið verkefnum ólíkra árstíða
- Kynnist barnið tölvunotkun í leik
- Kynnist barnið menningu og siðum annarra þjóða eftir því sem tækifæri gefast til

Áhersla á sköpunarferlið



Sköpun og rannsóknir úti og inni



Eflum samhæfingu augna og handa



Efla sjálfstraust og einbeitingu



Þroska næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda



Rannsaka nánasta umhverfi sitt



Hátíðir og hefðir



Verkefni ólíkra árstíða

